



Varðar: Gylfaflöt, suður – (fsp) breytinga á deiliskipulagi – Gylfaflöt 10

Lögð fram fyrirspurn Ultraform ehf., dags. 10. apríl 2024, um breytingu á deiliskipulagi Gylfaflatar, suður vegna lóðarinnar nr. 10 við Gylfaflöt, sem felst í að að heimilt verði að opna líkamsræktarstöð í húsinu.



Landnotkun skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Hluti gildandi deiliskipulags.

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn 21. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022.

Samkvæmt aðalskipulagi er Gylfaflöt 10 á skilgreindu athafnasvæði (AT3. Gylfaflöt - Atvinnusvæði).

Eftirfarandi sérskilmálar ríkja fyrir Gylfaflöt - Atvinnusvæði (AT3). Fyrst og fremst léttur iðnaður, sem ekki hefur í för með sér mengun, verkstæði, umboðs- og heildverslanir, skrifstofur tengdar umræddri starfsemi, þjónusta og rýmisfrek verslun, svo sem bílasölur.

Deiliskipulag/Hverfissskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir suðursvæði í Gylfaflöt, samþykkt í borgarráði 29. október 2015 m.s.b.

Umsögn og niðurstaða

Fyrirspurnin snýr að breytingu á deiliskipulagi Gylfaflatar, suður vegna lóðarinnar nr. 10 við Gylfaflöt, sem felst í að að heimilt verði að opna líkamsræktarstöð í húsinu.

Svæðið sem hér um ræðir er í gildandi aðalskipulagi skilgreint sem athafnasvæði og er þjónustustarfsemi heimil á þess konar svæðum. Í gildi er deiliskipulag fyrir suðursvæði í Gylfaflöt án sérskilmála um starfsemi á lóð nr. 10.

Starfsemi líkamsræktarstöðvar telst þjónustustarfsemi og samræmist starfsemin því skilmálum aðalskipulags.

Ekki er lagst gegn því að opnuð verði líkamsræktarstöð í húsinu að Gylfaflöt nr. 10. Starfsemin samræmist skilmálum aðalskipulags um starfsemi í tengslum við þjónustu á skilgreindum athafnasvæðum. Ekki er þörf á því að breyta gildandi deiliskipulagi.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur SFFÍ og verkefnastjóri.